

Mættir: fulltrúar nemendafélags (Bjarki Leó, Harpa), nemendaráðs (Atli Stefán, Kristján Bjarki), foreldra (Yrsa, Valgerður), Guðlaug Erla, Anna Rakel, Haraldur,

Fundarefni: Málefni nemenda

Kristján Bjarki og Atli fóru hring um skólann og töluðu við alla bekkir um ábendingar varðandi það sem betur má fara sem og það sem er jákvætt við skólann.

- Nemendur í 10. bekk bentu á að skipulag tölvustofunnar sé ekki gott, stofan sjaldan laus þegar þau þurfa.
- Eins með i-pada að passa að nemendur viti hversu langan tíma þau hafa upp á að þau nái að skrá sig út ef þarf (t.d. úr tölvupósti, google account o.þ.h.) – Anna Rakel benti á að það væri á ábyrgð nemenda að skrá sig út ef þau eru að fara frá því tæki sem er í notkun.
- Leikvöllur: nemendur á flestum stigum vilja fá fleiri leiktæki úti á velli og finnst skólalóðin frekar döpur. Hægt að mála á lóðina til að lífga upp á hana, spurning hvort það verði gert í vor eða Ásdís taki það að sér í vali eins og áætlað var (en var ekki hægt v. veðurs)
- Margir nemendur vilja fá smíði – Guðlaug benti á að aðstæður í skólanum eru því miður ekki nógu góðar til að vera með hefðbundna smíðakennslu. Eins er enginn smíðakennari þó svo að Gerða og Guðbjörg hafi verið með nýsköpun, aðeins smíðakennsla á yngsta stigi hjá Hjalta.
- Það vantar bækur á bókasafnið – kaupum alltaf eitthvað aðeins inn á bókasafnið en það er ekki mikið magn. Bjarki talar um að það sé mikið magn af kristilegum bókum og plakötum (var bent á það) – við könnumst ekki alveg við það en ætlum að kíkja á það. Guðlaug bendir á að það sé hægt að hafa óskalista á safninu og óska eftir vinsælum bókum, mögulega hægt að koma til móts við það.
- Athuga með skjáinn sem snýr að bókasafninu, aldrei kveikt á honum. Guðlaug ætlar að kanna með hann.
- Frá 6. og 7. bekk kemur sú tillaga að hafa trampólín á skólalóðinni (niðurgrafið) eins og er í Sæmundarskóla
- Yngri stigin töluðu um að þau vildu meiri hópavinnu. Bjarki Leó sammála því að hann hefði viljað fá hópavinnu fyrr til þess að læra betur að vinna í hóp en ekki bara einstaklings vinnu. Þetta er þróun sem er komin í gang, meiri áhersla á hópavinnu og stöðvar.
- Einhverjir bentu á að sundkennslan væri ekki nógu góð – frá 4.-5. bekk. Frekar óljóst hvað þessa ábendingu varðar. Spurning hvort það sé spurning um tæknileg atriði

(sundtök, aðferðir) eða hvort krakkarnir vilji frekar fá meiri tíma í annað en að synda fram og til baka.

- Þráðlausa netið - er verið að laga það núna.
- Smart taflan – virkar ekki frekar en áður, sagan endalaus. Krakkarnir vilja fá hana í gang.
- Vantar snaga í búningssklefana (karlamegin). Guðlaug ætlar að biðja Kristínu á að kanna það.
- Sófunum hefur fækkað frammi, Atli spyr af hverju. Guðlaug segir að það sé illa farið með þá og þeir eru teknir úr umferð um leið og það kemur gat eða rispa í áklæðið svo það verði ekki rifið upp og skemmt meira. Gert við alla síðasta sumar og það var viðgerð upp á mörg hundruð þúsund.
- Hugmynd frá Atla að setja fjármálalæsi inn í umsjónartímana, finnst meira þurfa á því að halda en námstækni - en allavega bæta því inn í.
- Einhverjir í 6. og 7. bekk lýstu yfir óánægju með kórinn, Atli og Bjarki benda á að e.t.v. væri hægt að hafa þetta val. Guðlaug bendir á að kórinn kemur í staðinn fyrir tónmennt. Varðandi tónleika þá hefur Jóhanna kórkennari boðið val að syngja á þeim og hafa þeir verið vel sóttir. Hugmynd var að færa kórinn niður í 4. og 5. bekk en höfum horfið frá því þar sem Jóhanna og kennarar upplifa meiri jákvæðni í sambandi við kórinn. Yrsa bendir á að það væri ekki úr vegi að halda áfram með sönginn allt frá 1. bekk þar sem söngmenningin er mikil í leikskólum og um að gera að halda áfram. Það væri gaman að geta boðið upp á kór og tónmennt í meira magni en það stoppar á fjármagni (eins og svo margt annað...)
- Fulltrúar nemendafélags segja aðeins frá sínu starfi, böll, peysur o.fl. Búið að vera mikið að gera í kringum próf og lokaverkefni en eru núna að fara að skipuleggja lokaball sem verður á mánudaginn 8. júní. Halli vill endilega fá að vera dj á ballinu. Krakkarnir tóku vel í það 😊  
Gekk vel að halda sameiginlegt jólaball með Sæmundarskóla. Eftir þessa umræðu fór nemendafélagið.
- Bjarki bendir á að samveran sé alltaf á stærðfræðitíma og Guðlaug útskýrir það fyrirkomulag – að stærðfræði ætti þá að vera kennd í umsjónartíma í staðinn. Samvera var alltaf á umsjónartíma en þeim var breytt þar sem erfitt var fyrir Svandísi að fara inn í umsjónartímana ef þeir voru allir á sama tíma. En í raun ætti að vera hægt að svissa tímum, taka þá tíma sem detta niður á umsjónartíma, töflurnar voru byggðar þannig upp.
- Þarf að huga að kjöri í skólaráðið fyrir næsta ár. Kristján Bjarki bendir á að það væri sniðugt að leyfa öllum krökkum að kjósa (eða frá 6.-7. bekk) í skólaráð en ekki bara unglíngadeildinni. Hægt að hafa smá þema um lýðræði eða eitthvað þannig (hugmynd frá Atla). Fyrsta vika skólaársins fer í að setja bekkjarsáttmála, bekkjar- og skólamenningu og anda og ábyrgð nemenda varðandi anda skólans og skólabraginn. Það passar vel að hafa kosninguna á þessum tíma og taka umræðuna í leiðinni. Guðlaug spyr Kristján Bjarka hvort hann gæti verið með í skólaráði fyrsta hálfu árið í

minnsta til að styðja við nýja fulltrúa, ekki nema hann bjóði sig aftur fram og verði kosinn, þá verði hann allt árið. Guðlaug veltir fram hvort það eigi að vera stelpa og strákur í skólaráðinu. Nokkur umræða um þetta, Atli Stefán telur að þátttaka stráka muni ekki letja stelpur til að bjóða sig fram í skólaráðið og vill alls ekki að það verði settar reglur með kynjakvóta. Spurning um að hvetja bæði kynin til að bjóða sig fram. Sjáum til hvernig þetta þróast í haust.

- Fulltrúar foreldra hafa báðir setið tvö ár. Aðalfundur foreldrafélagsins er ekki búinn en Guðlaug spyr hvort foreldrar séu til í að gefa sig aftur fram og möguleiki á því 😊
- Halli spyr hvort strákarnir hafi munað eftir að athuga með íþróttadaginn hvaða greinar krakkarnir vilji helst. Atli er búinn að gera skoðanakönnun og ætlar að koma upplýsingum áfram á Halla.
- Erum að undirbúa næsta ár af fullum krafti, setja niður stundatöflur o. fl. Lítil breyting í kennarahópnum. Það kemur nýr kennari í 2. og 3. bekk í stað Fjólu, Fjóla fer í 50% starf og færist í forföllin. Brynjólfur hættir og fer í önnur störf. Lilja Unnars kemur í hans stað í náttúrufræðina. Hilmar íþróttakennari hættir og í staðinn kemur nýr kennari, Mattías.
- Fundi slitið.